



9.5.7. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Fólksfjöldi

Í grein 9.5.7 í byggingarreglugerð segir:

„**Meginreglur:** Hönnun flóttaleiða í byggingum skal miðuð við mesta fjölda fólks sem ætla má að geti verið samtímis í rýminu. Taka skal tillit til þess hvernig dreifing fólks innan rýmis getur verið. Í anddyri eða forsal samkomusala mannvirkja í notkunarflokk 2 skal vera skilti á áberandi stað þar sem fram kemur hámarksfjöldi gesta og starfsmanna í viðkomandi húsnæði og eftir atvikum í hverjum sal fyrir sig.

Viðmiðunarreglur: Reikna skal með að 1% þeirra sem eru í rýminu séu hreyfihamlaðir, þó aldrei færri en einn maður.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 Inngangur

Samkvæmt 9.2.1. gr. byggingarreglugerðar gildir að meginreglur eru ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur eru frávíkjanlegar með tækniskiptum eða brunahönnun enda sé sýnt fram á að brunaöryggi sé ekki skert og uppfyllt séu meginmarkmið reglugerðarinnar og meginreglur þeirra ákvæða sem vikið er frá.

2 Almennt

Til að meta öryggi fólks í flóttaleið þarf m.a. að áætla hversu margir geti þurft að nota hana á sama tíma. Hægt er að gera það á tvo mismunandi vegu. Annars vegar með því að nota stærð rýmis til að ákvarða fjöldann og hins vegar með því að nota breidd hurða til að ákvarða fjöldann.

Taka skal tillit til þess hvernig dreifing fólks innan rýmis getur verið.

3 Hámarksfjöldi miðað við stærð rýmis

Tafla 1 hér á eftir, sem byggir meðal annars á bandaríska staðlinum NFPA 101®, sýnir viðmiðunarflatarmál einstakra rýma/bygginga á hvern einstakling sem nota skal þegar flóttaleiðir eru hannaðar við venju-
legar aðstæður.

**Hér er leyfi
fyrir 400 manns**

Takmörkun fjölda tryggir öryggi þitt.
Bekkir þú flóttaleiðir hússins?



Stökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Mynd 1. Dæmi um merkingu frá SHS



Leiðbeiningar

Fjöldi gesta skal koma fram í skilti í anddyri. Sjá dæmi um skilti á mynd 1.

Ef um er að ræða blandaða notkun, til dæmis sal sem nýtist sem veitingahús á daginn en samkomuhús á kvöldin skal leyfilegur hámarksfólksfjöldi reiknast sem það tilfelli sem gefur minnstan fjölda manna skv. töflu 1. Skal slíkri blandaðri notkun vera lýst á skiltinu yfir hámarksfjölda gesta í húsnæðinu.

Tafla 1. Viðmiðunarflatarmál á hvern einstakling eftir notkunarflokkum/notkun rýmis

⁽¹⁾ Nýtanlegur gólfplötur = Nettó gólfrými það er svæði án fastra innréttinga.

Notkun rýmis	m ² /mann af nýtanlegum gólfleti ⁽¹⁾
Notkunarflokkur 1	
Skrifstofur	10 en 5 í opnum rýmum
Notkunarflokkur 2	
Bókasafn	10
Danssalur, dansgólf	0,5
Skólastofur	2
Ráðstefnusalir	1,4
Söfn, listasöfn	4
Veitingahús	Fjöldi sæta eða 1
Samkomusalir án fastra sæta	0,5
Samkomusalir með föstum sætum	Fjöldi sæta
Verslanir og vöruhús	3
Notkunarflokkur 3	
Íbúðarhús	18
Notkunarflokkur 4	
Hótel, svefnálmur	stærri talan af fjölda rúma eða 18,6
Iðnaður, almenn krafa	9,3
Notkunarflokkur 5	
Sjúkrahús, svefnálmur	11,1
Sjúkrahús, önnur rými	22,3

Heimildir

- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum
- Lög nr. 75/2000 um brunavarnir með síðari breytingum
- Lög nr. 160/2010 um mannvirki
- NFPA 101: Life Safety Code[®] (2012)